

Umhverfisstofnun
Áb. KG
16 MARS 2004
45.0
Tilv. UST20040200146

Nefndasvið Alþingis
sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

Deild umhverfisráðgjafar og staðgengill forstöðumanns

15. mars 2004

Skjalanúmer: 45.0

Tilvísun: UST20040200146/KG

Frumvarp til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, 446. mál

Vísað er til erindis sjávarútvegsnefndar, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, 446. mál.


Umhverfisstofnun bendir á að öll slátrun dýra til manneldis hefur fram til þessa verið undir eftirliti Embættis yfirdýralæknis. Með þessu frumvarpi er verið að leggja til að slátrun á eldisfiski verði færð frá Embætti yfirdýralæknis til Fiskistofu í því skyni að skerpa ábyrgð og koma í veg fyrir tvíverksað eins og segir í athugasemdum við frumvarpið.

Íslensk matvælaöggjöf er mjög flókin og hlutverk mismunandi aðila er oft óljóst. Umhverfisstofnun telur að allar aðgerðir sem miða að því að gera framkvæmd matvælaeftirlits skýrari, einfaldari og skilvirkari séu af hinu góða. Varðandi umrætt frumvarp skal bent á ákvæði 7. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, en þar segir: „Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál”.

Umhverfisstofnun telur að það leiddi af sér enn frekari einföldun ef allt eftirlit með slátrun og vinnslu eldisfisks væri hjá einum eftirlitsaðila, en samkvæmt matvælaöggjum er vinnsla og þökkun eldisfisks fyrir innanlandsmarkað undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Raunveruleg einföldun á matvælaeftirliti fæst því varla nema með heildstæðri endurskoðun á löggjöf um matvæli og matvælaeftirlit frá hafi/haga til maga.

Virðingarfyllt,


Davíð Egilson
forstjóri


Baldvin Valgarðsson
staðgengill forstöðumanns